



Háskólinn
á Akureyri

Fundargerð háskólaráðs

294. fundur daginn 27. ágúst 2010
fundaherbergi 262, Borgum, kl. 12.15

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 12.40.

Mættir voru auk hans:

Aðalheiður Ámundadóttir fulltrúi nemenda
Jóna Jónsdóttir varafulltrúi menntamálaráðherra
Helga Hlín Hákonardóttir fulltrúi háskólaráðs
Kristín Ástgeirs dóttir fulltrúi menntamálaráðherra
Páll Skúlason fulltrúi háskólaráðs
þóroddur Bjarnason fulltrúi starfsmanna

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Dagbjört Brynja Harðardóttir starfandi markaðs- og kynningarfulltrúi
Steinunn Áðalbjarnardóttir verkefnastjóri

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerð síðasta fundar

0912034

Rektor sýndi fundargerð framhaldsfundar frá 7. júlí á skjá og fór yfir í aðalatriðum.
Ákveðið var að fresta samþykkt fundargerðar 293. fundar þar til á næsta fundi.

2. Rekstraryfirlit janúar - júlí

1004008

Úlfar lagði fram yfirlitið og skýrði það út. Rekstraráætlunin hefur verið leiðrétt um
12.5 mkr. frá samþykktri áætlun vegna breytinga á launatengdum gjöldum.

Úlfar lagði fram tillögu að bókun:

„Í lok síðasta árs var gerð breyting á lögum um tryggingagjald sem lagt er á launagreiðslur. Jafnframt var í lokaafgreiðslu fjárlaga 2010 hækkuð fjárveiting til ríkisstofnana vegna þessara auknu útgjalta. Rekstraráætlun Háskólans á Akureyri sem samþykkt var 21. desember 2009 tók ekki tillit til þessarar hækkunar.

Rekstraráætlun HA hefur nú verið leiðrétt með tilliti til þessa þannig að launatengd gjöld hafa verið hækkuð um 12.500.000,- og tekjur frá ríkissjóði hækkaðar á móti um sömu upphæð. Háskólaráð samþykkir þessa leiðréttingu á rekstraráætlun ársins 2010“

Bókunin var samþykkt.

Rekstur kennsludeilda og stoðþjónustu er í lok júlí 789.576 mkr. eða 58.22% af
áætlun ársins. Rekstur ýmissa verkefna er 7.470 mkr. Í heild er reksturinn
56.33% af áætlun ársins en viðmiðið er 58.33%.

Úlfar skýrði út frávik frá áætlun. Kennsludeildir munu að öllum líkindum verða
innan áætlunar í árslok. Undantekning er áætlaður rekstur viðskipta- og

raunvísindadeildar. Stoðþjónusta mun verða innan marka. Staða stofnana og setra með eigin tekjur er góð og er gert ráð fyrir að hún haldist innan áætlunar. Ólafur rakti tillögur um hvernig háskólinn getur mætt kostnaði umfram áætlun vegna viðskipta- og raunvísindasviðs og vísaði til samþykktar háskólaráðs um sparnaðaraðgerðir frá 7. júlí.

Á næsta fundi framkvæmdastjórnar munu forsetar fræðasviða leggja fram ákveðnar tillögur um hvernig sparnaði upp á 28 mkr. verður náð á haustmisseri 2010.

Rektor telur að rekstrarniðurstaðan háskólans í árslok verði innan áætlunar.

Rektor sagði frá samningi milli HA og RÚV og benti á ýmsa kosti sem hann hefur í för með sér. Fundarmenn voru sammála um mikilvægi þess að dagleg samskipti milli stofnananna krefðust vandaðra vinnubragða og óhlutdrægni af hálfu beggja til að tryggja trúverðugleika fréttatflutnings af háskólastarfinu. Samþykkt var að rektor fundaði með Pétri Halldórssyni dagskrárgerðarmanni RÚV í tilefni bréfs sem Pétur sendi háskólanum.

**3. Vígsla IV byggingaráfanga HA 28. ágúst
1005012**

Brynda kom á fundinn og bauð rektor hana velkomna. Greindi hún frá hvernig vígsluathöfninni og opnu húsi í nýbyggingunni verður háttað. Bauð hún svo fulltrúa í háskólaráði velkomna á vígsluna.

Rektor þakkaði Bryndu fyrir og fór hún af fundi.

**4. Fjöldi nemenda á haustmisseri sem hafa greitt innritunargjald
Steinunn kom á fundinn og bauð rektor hana velkomna.**

Gerði hún grein fyrir fjölda nemenda á 1. ári sem greitt höfðu innritunargjald 25. ágúst, en þeir eru 647. Til samanburðar voru 624 árið 2009. Skráðir nemendur eru alls 1.696 en voru 1.726 árið 2009. Af þeim hafa 82.5% greitt innritunargjald nú, en árið 2009 var sú tala 80.2%.

Eftir umræður þakkaði rektor Steinunni fyrir og fór hún af fundi.

5. Rekstur og námsframboð 2010-2011

Rektor fór yfir sparnaðaraðgerðir í 15 liðum sem háskólaráð samþykkti 7. júlí og gerði grein fyrir stöðu mála undir hverjum lið. Verkefnisstjórn um stefnu opinberu háskólanna hefur tekið til starfa. Þar verða m.a. ræddir möguleikar á auknu samstarfi HA og annarra háskóla (HÍ og Hólaskóla) um námsframboð. Framkvæmdastjórn HA verður baknefnd rektors og Elinar Díönnu Gunnarsdóttur sem eiga sæti í verkefnisstjórninni.

Umræður urðu m.a. um þróun heimskautalögfræði og möguleika á auknum norðurslóðaáherslum þvert á fræðasvið innan HA. Ólafur minnti á tillögu um stefnumótunarþing um framtíð HA á haustmisseri, opið starfsfólk og nemendum, sem fram kom á síðasta háskólaráðsfundi.

**6. Verkefnastjórn um stefnu opinberra háskóla
1008028**

Þetta málefni var rætt undir 5. lið.

7. Fundir háskólaráðs 2010-2011
Fundartímar verða:

SPB

AB

KJ

24. september kl. 08.30–11, 18. október kl. 12.15–16, 19. nóvember kl. 12.15–16 og 17. desember kl. 12.15–16.

Framvegis verða fundir háskólaráðs haldnir í nýbyggingunni.

Rektor mun senda háskólaráðsfulltrúum upplýsingar um hvenær skipunartími númerandi háskólaráðs rennur út.

8. Önnur mál

Aðalheiður beindi þeirri spurningu til Páls hvað liði rannsókn menntamálaráðuneytis á hlut háskólanna í bankahruninu. Páll mun greina nánar frá þessu á næsta fundi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.40.


Þórdís Þórssdóttir

Ólafur Þórðarson